

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 01		
Dags.: 30.01.2018		
Höfundur: ÞÓJ		
Síða 1 af 2		
Fundargerð		
(Fundur skólanefndar)		

Dags.: 16.6.2020	Tími: 16:00	Staðsetning: VA	Fund boðaði: LGJ
------------------	-------------	-----------------	------------------

Þátttakendur

Mættir:	Lilja Guðný Jóhannesdóttir, Birgir Jónsson, Sævar Örn Arngrímsson, Pjetur St. Arason, Pálína Margeirsdóttir, Jón Björn Hákonarson, formaður.
Fjarverandi:	Anna Margrét Sigurðardóttir (boðaði forföll rétt fyrir fund og ekki var hægt að ná í varamann með svo stuttum fyrirvara), Hlöðver Hlöðversson, Sigurður Ólafsson.

Dagskrá:

1. Aðsókn á komandi haustönn
2. Viðbrögð við rekstrarvanda
3. Molar
4. Erindi frá formanni skólanefndar
5. Önnur mál

nr.	Fundargerð dagskrárliðs
1.	<p>Karen fer yfir aðsóknartölur fyrir haustönn 2020. Miðað við þróunina í tölunum er líklegt að um fjölgun verði að ræða frá haustönn 2019. Margt ánægjulegt í tölunum, t.d. fjölgun í grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina.</p> <p>Farið sérstaklega yfir tölur um umsóknir eftir bæjarkjörnum. Mikið áhyggjuefni hversu fáir sækja úr ákveðnum kjörnum.</p>
2.	<p>Lilja fer yfir þær aðgerðir sem farið hefur verið í varðandi rekstrarvanda skólans og hvaða aðgerðir eru framundan. Fengist hefur framlag frá MMR til þess að mæta vandanum eftir að skólinn var án rekstrarfés um tíma. Meðal þess sem þarf að fara í er endurskoðun á stúdentsbrautum. Pjetur nefnir að það sé kominn tími á þá vinnu þar sem námskráin sé frá árinu 2012.</p>
3.	<p>Miðað er við að brottför leigjenda í Austurenda verði um áramót. Ekki verður í boði að hlaupa út með 5 mínútna fyrirvara.</p> <p>Farið yfir næstu skref í innleiðingu gæðakerfisins. Stefnt er að vottun haustið 2020.</p> <p>Skoðað hvað hefur verið gert að undanfögnu varðandi hvatningu nemenda. Reynt hefur verið að gera nemendur ábyrgari fyrir námi sínu og viðhafa jákvæða hvatningu. Mætingarbréf var útvíkkað og farið var að senda hrósbréf. Á næstu</p>

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 01		
Dags.: 30.01.2018	Fundargerð (Fundur skólanefndar)	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt:		
Síða 2 af 2		

	<p>mísserum er horft til þess að endurskoða skólasóknarreglur. Drög eru kynnt fyrir nefndinni sem gerir ekki athugasemdir við þau.</p>
4.	<p>Jóni Birni barst erindi, sem formanni skólanefndar, frá fyrrum starfsmanni skólans sem telur sig eiga veikindaleyfi inni sem hefur ekki verið greitt. Formaður leitaði til MMR varðandi ráðgjöf sem var á þá leið að hlutverk skólanefndar snýr ekki að starfsmannamálum. Formaður svaraði því erindinu á þann veg.</p>
5.	<p>Lilja ítrekar mikilvægi þess að nefndarfólk svari fundarboði. Lilja mun setja upp dagatalsboð næsta vetur þar sem nefndarfólk þarf að svara hvort það mæti.</p> <p>Lilja ber upp þá hugmynd að halda ca. helming funda á Teams og helming snertifundi. Jón Björn leggur til að fyrsti og síðasti fundur skólaárs verði snertifundur og aðrir fundir í gegnum Teams.</p> <p>Sýnd voru drög að nýju skipuriti. Varðandi drögin þá væri best að hafa þjónustusviðið innan stoðþjónustu og það væri gott ef hægt væri að hlekkja upplýsingarnar á bak við liðina í skipuriti.</p>

<p>Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.</p> <p>2. Þegar niðurstaða er komin í viðræður við ráðuneytið um skoðun á fjárframlögum mun skólanefnd senda frá sér bréf varðandi málið. Jón Björn mun hafa forystu í því.</p> <p>4. Formaður hefur samband við fjarverandi meðlimi og lætur þá vita af lyktum þessa máls.</p> <p>Verður ekki boðaður nýr fundur núna en gert er ráð fyrir að hafa fund í september.</p>
--

Fundargerð ritaði: Birgir Jónsson	dags. 16.6.2020
-----------------------------------	-----------------

<p>Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á): Í rafrænni málaskrá skólans</p>
